

Dalsgarður Mosfellsbæ  
17/1 2023

**Efni: Byggingagjöld á landbúnaðarsvæði og í blandaðri byggð**

Undirritaður rekur gróðrarstöðina Dalsgarð í Mosfellsdal. Dalsgarður er lögbýli og hefur verið stunduð ylrækt þar frá árinu 1949. Samkvæmt núgildandi aðalskipulagi er skilgreind landnotkun Dalsgarðs blönduð þ.e. hvort tveggja landbúnaðarnot og íbúðabyggð. Dalsgarður er m.ö.o. lögbýli á skipulögðu landbúnaðarsvæði.

Norðan Þingvallavegar er samkvæmt núgildandi aðalskipulagi landnotkun skilgreind sem landbúnaðarnot þ.e. óblönduð eða hrein landbúnaðarnot.

Sveitarfélagið hefur talið sér heimilt að innheimta byggingargjöld þ.m.t. gatnagerðargjöld af byggingum sem notaðar eru til landbúnaðar sunnan Þingvallavegar á meðan engin slík gjöld eru innheimt af sambærilegum byggingum norðan vegarins.

Undirritaður telur að þeim sem stunda landbúnað á skipulögðum landbúnaðarsvæðum í Mosfellsdal sé mismunað m.t.t. gjaldtöku eftir því hvorum megin Þingvallavegar þeir stunda starfsemi sína vegna ákvæða í skipulagi.

Ef t.a.m. borin eru saman lögbýlin Dalsgarður og Lundur (á báðum stöðum stunduð ylrækt) kemur í ljós að engin gatnagerðargjöld eru innheimt af byggingum innan merkja Lundar en gjaldtökuheimildin fullnýtt í tilfalli Dalsgarðs. Einungis 500 metrar eru á milli lögbýlanna tveggja.

Undirritaður hefur kært þessa framkvæmd til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, en telur að ef vilji sveitarfélagsins standi til þess að láta af fyrrgreindri framkvæmd, sem telja verður afar ósanngjarna, óeðlilega og samkeppnisskekkjandi þá sé tækifærið núna við endurskoðun aðalskipulags.

Virðingarfyllst, Gísli Jóhannsson

---